

Spurningakeppni áttahagafélaga

Skaftfellingafélagið mun áfram senda keppnisið í spurningakeppni áttahagafélaganna en fyrsta keppniskvöldið er áætlað fimmtudaginn 19. febrúar nk. og eftir það vikulega, alls í fjögur skipti, með fyrirvara um breytingar. Breiðfirðingafélagið hýsir keppnina eins og síðustu vetur. Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast með á heimasíðunni „skaft.is“ eða á féssíðunum: „Skaftfellingafélagið í Reykjavík“ og „Spurningakeppni áttahagafélaganna“.

Mótun lands og samfélags

Brunasandur í Vestur Skaftafellssýslu er yngsta sveit á Íslandi. Hún verður til í Skaftár-eldum 1783 -1784 þegar eystri hrauntinga Eldhraunsins ýtti Hverfisfljóti austur í núverandi farveg og landið friðast og grær upp. Þann 10. maí 1823 hefst landnám á Brunasandi þegar mælt er út fyrir fyrsta landnámsbýlinu Orustustöðum. Seinna byggjast bæirnir Hruni og Sléttaból sem deilast síðar í býlin, Blautalæk, Miðból, Hraunból, Sléttu, Tanga, Bjarnartanga og Teygingalæk. Undanfarin 3 ár hefur þverfaglegur hópur unnið að rannsóknum á **mótun lands og samfélags** á Brunasandi og koma niðurstöður rannsókna út í Dynskógariti vorið 2015. Í hópnum eru eftirtaldir aðilar: Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur, dr. Bergrún Anna Óladóttir jarðfræðingur, dr. Edda Sigurdís Oddsdóttir líffræðingur, dr. Helgi Björnsson jöklafræðingur, Jón Hjartarson sagnfræðingur, Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur, Júlíana Þóra Magnúsdóttir þjóðfræðingur, Margrét Ólafsdóttir landfræðingur og próf. Þóra Ellen Þórhallsdóttir, grasfræðingur. Hópurinn efnir svo til ráðstefnu 11. apríl í Þjóðminjasafninu, og útgáfuhátíðar á Kirkjubæjarklaustri í samvinnu við ritstjórn Dynskóga laugardaginn 23. maí nk. Nánar auglýst á skaft.is er nær dregur.

Myndakvöld

Fimmtudagskvöldið 19. febrúar 2015 verður myndakvöld í Skaftfellingabúð að Laugavegi 178. Hörður Bergsson sýnir myndir frá skipsströndum, gullleit, Heiðarrétt á Síðu og fleiru sem Bergur Lárusson hefur tekið á árum áður. Aðgangur kr. 1000, innfalið er kaffi og kruðerí.



Dyrhólaey á haustsýðdegi 2014

Kristinn Kjartansson

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Útleiga Skaftfellingabúðar

er í höndum Skúla Oddssonar form., s. 864 3415



Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

Ritstjóri: Sigurlaug J. Sigurðardóttir
1. tbl. janúar 2015

- **Spilakvöld**
í samvinnu við Rangæinga
í Skaftfellingabúð
kl. 20, fimmtudagskvöldin
15. janúar 2015
29. janúar 2015
12. febrúar 2015
26. febrúar 2015
- **Heimsmeistaramót**
í Hornafjarðarmanna
í Skaftfellingabúð kl. 20
föstudagskvöldið
6. febrúar 2015
- **Myndakvöld**
í Skaftfellingabúð kl. 20
fimmtudagskvöldið
19. febrúar 2015
- **Skaftfellingamessa**
í Breiðholtskirkju kl. 14
sunnudaginn
15. mars 2015
- **Spurningakeppni**
kl. 20 í Breiðfirðingabúð
19. febrúar 2015
26. febrúar 2015
5. mars 2015
12. mars 2015
nánar auglýst í vefmiðlum
- **Vortónleikar**
kl. 14 í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn
10. maí 2015
- **Vorkaffi**
í Skaftfellingabúð kl. 16
sunnudaginn
10. maí 2015
- **Aðalfundur**
í Skaftfellingabúð kl. 20
fimmtudagskvöldið
7. maí 2015
- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Skaftfellingafélagið er á
[facebook](#)

Endursendist með upplýsingum um
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

Þorrablot

Skaftfellingafélagsins verður haldið í Skaftfellingabúð

laugardaginn 24. janúar 2015

og hefst með borðhaldi kl. 20 – húsið opnað kl. 19

Glæsilegt þorrahlaðborð frá Höfðakaffi



Félagarnir Þorgeir Ástvaldsson og Ragnar Bjarnason
syngja og sprella.

Um veislustjórn sér

Njörður Lárusson frá Kirkjubæjarklaustri

Hljómsveit Hilmars Sverrissonar leikur fyrir dansi

Miðapantanir til og með 22. janúar

Hákon – 821 2115 og Njörður – 865 1520

Miðaverð kr. 6.900 / eftir borðhald kr. 1.500

Skaftfellingamessa í Breiðholtskirkju

Sunnudaginn 15. mars 2015 kl. 14, verður árviss Skaftfellingamessa haldin í Breiðholtskirkju. Prestar Breiðholtskirkju, þau sr. Gísli Jónasson og sr. Bryndís Malla Elísdóttir, þjóna fyrir altari en auk þess er nú prestum og kórfólki úr Austur-Skaftafellssýslu boðið til messunnar. Kórarnir leiða saman messusöng undir stjórn organista og kórstjóra. Söngfélag Skaftfellinga selur kaffi að messu lokinni í safnaðarheimili kirkjunnar.

Söngfélag Skaftfellinga

Söngfélag Skaftfellinga hefur hafið vetrarstarfið á nýju ári. Söngæfingar eru sem fyrr öll þriðjudagskvöld kl. 20 í Skaftfellingabúð. Alltaf er pláss fyrir nýja félag og eru áhugasamir hvattir til að líta inn á æfingu og er velkomið að slást í hópinn. Þátttaka í söngstarfinu er líka tilvalin leið til þess að vera í tengslum við Skaftafellssýslur og gamla sveituna og syngja saman.

Framundan er Skaftfellingamessa 15. mars í Breiðholtskirkju og er stefnt á tónleikaferð 1. maí. Vortónleikarnir verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 10. maí, kl. 14.



Tónleikar í Kirkjuholi á Kirkjubæjarklaustri 1. maí 2014 - mynd í eigu Kristins Kjartanssonar

Vorkaffi

Sunnudaginn 10. maí kl. 16 verður árlegt vorkaffi Skaftfellingafélagsins í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178, eða að loknum vortónleikum Söngfélagsins. Kórinn syngur nokkur lög undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar. Kaffihlaðborð verður að venju í boði söngfélaganna og Skaftfellingafélagsins.

Vildarvinir Skaftfellingafélagsins

Eitthundrað fjörutíu og fjórir hafa gerst vildarvinir Skaftfellingafélagsins undanfarnar vikur með því að greiða 2.000 krónur inn á reikning þess í heimabanka sínum í gegnum valgreiðsluformið. Það er fallett að tengja sig á þann hátt við áttugana og félaginu afar dýrmætt að fá slíkan stuðning; hann hjálpar til við að koma fjárreiðum þess réttum megin við núllið.

Einnig er hægt að leggja inn á reikning þess: Skaftfellingafélagið í Reykjavík; bankanúmer: 0526-14-102225; kennitala: 580269-7299

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2014-2015

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Njörður Lárusson		865 1520	njoddi@hotmail.com
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeir@reykjafell.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is

Varastjórn Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hákon Jón Kristmundsson og Rúnar Þór Guðbrandsson.


Styrkur til útgáfu gamals myndefnis

Síðastliðið haust sótti stjórn Skaftfellingafélagsins um styrk til Vina Vatnajökuls í þeim tilgangi að fjármagna útgáfu merkilegs kvikmyndaefnis frá Þjóðhátíðarárinu 1974. Kvikmyndir þessar voru teknar af Jóni Hermannssyni og Þrándi Thoroddsen og voru frá opnun hringvegarins, Þjóðhátíðinni á Kleifum og vígslu kapellu sr. Jóns Steingrímssonar auk fleira efnis sem væntanlega verður útgefið síðar á árinu. Stjórn félagsins þakkar Vinum Vatnajökuls – hollvinasamtökum Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veittan stuðning vegna verkefnisins.

Íslandsmeistaramótið í Hornafjarðarmanna

Eins og fjölmörg undanfarin ár hefur Albert Eymundsson útbreiðslustjóri Hornafjarðarmanna gengist fyrir „Manna-mótum“ ýmiskonar. Nú er enn einu sinni komið að Íslandsmeistaramótinu sem haldið hefur verið til fjölda ára í tengslum við þorablót Hornfirðinga á höfuðborgarsvæðinu, en mótið verður haldið í Skaftfellingabúð að Laugavegi 178, föstudagskvöldið 6. febrúar 2015, kl. 20.

Eldbarnið



Hér heldur Möguleikhúsið áfram umfjöllun um mannlíf í kjölfar Skaftárelda og Móðuharðinda, en síðasta vetur frumsýndi það einleikinn Eldklerkinn sem hlaut afburðagóðar viðtökur. Að þessu sinni eru atburðirnir skoðaðir frá sjónarhóli ungrar stúlku í nýju barnaleikriti sem ætlað er áhorfendum frá 9 ára aldri.

Frumskýnt er í Tjarnarbíói 7. febrúar. Miðasala vegna sýninga í Tjarnarbíói er á midi.is Félögum í Skaftfellingafélaginu er boðið til forsýningar í Tjarnarbíói föstudaginn 6. febrúar, tímasetning nánar auglýst í tölvupósti og á vefsíðum Möguleikhúss og skaft.is

Aðalfundur

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins verður haldinn fimmtudagskvöldið 7. maí 2015, kl. 20, í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Venjuleg aðalfundarstörf.

Hreinsunardagur í Heiðmörk

Þeir sem vilja láta gott af sér leiða og taka til hendinni í fögru umhverfi eru góðfúslega hvattir til að mæta í lund félagsins í Heiðmörk laugardaginn 30. maí, kl. 10, með nesti, sagir, klippur og annað er að gagni kemur við fegrun lundarins.